

Skýrsla um fyrirfram umsamdar aðgerðir vegna Bleiku slaufunnar árið 2025

Helgi Björnsson, fjármálastjóri Krabbameinsfélags Íslands og Sýslumaðurinn á Suðurlandi

18. ágúst 2026

Tilgangur skýrslu um fyrirfram umsamdar aðgerðir

Skýrsla okkar er einungis til að aðstoða ykkur við að ákvarða hvort rekstraruppgjör Bleiku slaufunnar fyrir árið 2025 sé í samræmi við fjárhæðir samkvæmt deildarmerkingu í fjárhagsbókhalda Krabbameinsfélags Íslands þar sem fjársöfnun vegna Bleiku slaufunnar hefur deildarmerkið M-10. Enn fremur er skýrslu okkar beint til ykkar og er send til Sýslumanns en skýrslan hentar ekki í öðrum tilgangi.

Ábyrgð Krabbameinsfélags Íslands

Krabbameinsfélag Íslands hefur móttengið og samþykkt að fyrirfram umsömdu aðgerðirnar eru viðeigandi út frá eðli verkefnisins.

Krabbameinsfélag Íslands ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fyrirfram umsömdu aðgerðirnar ná yfir.

Ábyrgð endurskoðandans

Við höfum framkvæmt fyrirfram umsamdar aðgerðir í samræmi við alþjóðlegan staðal um tengda þjónustu (ISRS 4400 revised) sem á við um fyrirfram umsamdar aðgerðir. Fyrirfram umsamdar aðgerðir fela í sér framkvæmd aðgerða sem sérstaklega hefur verið samið um við Krabbameinsfélag Íslands, ásamt skýrslugjöf til ykkar með niðurstöðum þeirra fyrirfram umsamdra aðgerða sem við framkvæmdum. Við fullyrðum ekki að aðgerðirnar séu viðeigandi.

Þessar fyrirfram umsömdu aðgerðir eru hvorki endurskoðun né könnun. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit né ályktun á niðurstöður aðgerðanna.

Hefðum við framkvæmt frekari aðgerðir hefðu önnur atriði getað komið upp sem við hefðum þá upplýst ykkur um.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Krabbameinsfélagi Íslands í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQM 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Aðgerðir og niðurstöður

Við höfum framkvæmt neðangreindar aðgerðir, sem samþykktar hafa verið af Krabbameinsfélagi Íslands í tengslum við rekstraruppgjör Bleiku slaufunnar fyrir árið 2025.

Aðgerðir		Niðurstöður
1	Við höfum aflað heildarhreyfinga úr fjárhagsbókhaldi Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2025 og borið saman við niðurstöðu rekstrarreiknings félagsins samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi 2025.	Engin frávik greind.
2	Við höfum sannreynt að meðfylgjandi rekstraruppgjör Bleiku slaufunnar fyrir árið 2025 sé í samræmi við hreyfingar merktar Bleiku slaufunni (deild M-10) úr fjárhagsbókhaldi Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2025.	Engin frávik greind.

Meðfylgjandi skýrslu þessari er rekstraruppgjör Bleiku slaufunnar fyrir árið 2025 merkt Viðauki 1.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Viðauki 1**Uppgjör vegna Bleiku Slaufunnar fyrir árið 2025**

	1.1.-31.12.2025
Tekjur	
Gjafir og styrkir	108.662.320
Vörusala	149.484.904
Aðrar tekjur	<u>3.492.319</u>
	261.639.543
 Gjöld	
Vörukaup	22.742.822
Aðkeypt þjónusta	17.417.977
Auglýsingar	9.672.988
Skrifstofukostnaður	<u>6.072.025</u>
	55.905.812
 Afkoma	 <u><u>205.733.731</u></u>

Sara Henný H Arnbjörnsdóttir